

Samþykkt á fundi velferðarráðs þann 3. nóvember 2016 og á fundi borgarráðs þann 10. nóvember 2016, með breytingum samþykktum á fundi velferðarráðs þann 18. maí 2017 og á fundi borgarráðs þann 8. júní 2017, með breytingum samþykktum á fundi velferðarráðs þann 7. desember 2017 og á fundi borgarráðs þann 14. desember 2017, með breytingum samþykktum á fundi velferðarráðs þann 18. janúar 2018 og á fundi borgarráðs þann 25. janúar 2018, með breytingum samþykktum á fundi velferðarráðs þann 6. febrúar 2019 og á fundi borgarráðs þann 21. febrúar 2019, með breytingum samþykktum á fundi velferðarráðs þann 5. júní 2019 og á fundi borgarráðs þann 27. júní 2019, með breytingum samþykktum á fundi velferðarráðs þann 5. febrúar 2020 og á fundi borgarráðs þann 13. febrúar 2020, með breytingum samþykktum á fundi velferðarráðs þann 20. janúar 2021 og á fundi borgarráðs þann 11. febrúar 2021, með breytingum samþykktum á fundi velferðarráðs þann 2. febrúar 2022 og á fundi borgarráðs þann 10. febrúar 2022, með breytingum samþykktum á fundi velferðarráðs þann 5. október 2022 og á fundi borgarráðs þann 13. október 2022, með breytingum samþykktum á fundi velferðarráðs þann 1. mars 2023 og á fundi borgarráðs þann 9. mars 2023, með breytingum samþykktum á fundi borgarráðs þann 13. júlí 2023, með breytingum samþykktum á fundi velferðarráðs þann 6. mars 2024 og á fundi borgarráðs þann 14. mars 2024, með breytingum samþykktum á fundi velferðarráðs þann 5. júní 2024 og á fundi borgarráðs þann 22. ágúst 2024, með breytingum samþykktum á fundi velferðarráðs þann 5. febrúar 2025 og á fundi borgarráðs þann 6. mars 2025, með breytingum samþykktum á fundi velferðarráðs þann 3. september 2025 og á fundi borgarráðs þann 11. september 2025.

Reglur Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning

I. kafli Almenn ákvæði

1. gr. Skilgreining og markmið

Sérstakur húsnæðisstuðningur er fjárstuðningur til greiðslu á húsaleigu umfram húsnæðisbætur sem veittar eru á grundvelli laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er ætlaður þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar og félagslegra aðstæðna.

II. kafli Umsókn og skilyrði fyrir greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings

2. gr. Umsókn

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar annast afgreiðslu umsókna um sérstakan húsnæðisstuðning. Umsókn skal leggja fram með rafrænum hætti á vefsíðu Reykjavíkurborgar og undirrita með rafrænum skilríkjum og undirskriftum heimilisfólks, 18 ára og eldra, til staðfestingar á þeim upplýsingum sem þar koma fram. Umsókn getur einnig verið lögð fram á sérstöku eyðublaði hjá miðstöð Reykjavíkurborgar, undirrituðu af umsækjanda sem þá skal framvísa gildu persónuskilríki með mynd ásamt staðfestingu heimilisfólks, 18 ára og eldra.¹⁾ Með umsókn skulu fylgja öll nauðsynleg gögn.

1) Breyting tók gildi 1. maí 2023.

Við undirritun umsóknar veita umsækjandi og annað heimilisfólk, 18 ára og eldra, velferðarsviði Reykjavíkurborgar heimild til að afla upplýsinga frá opinberum aðilum, svo sem

framkvæmdaraðila húsnæðisbóta¹⁾, skattyfirvöldum, Þjóðskrá Íslands, Menntasjóði námsmanna og sýslumönnum. Sama gildir um heimild til að afla upplýsinga frá öðrum aðilum, svo sem viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis og leigusölum íbúðarhúsnæðis, sem nauðsynlegar eru við afgreiðslu umsóknar. Hið sama á við um öflun nauðsynlegra upplýsinga frá sambærilegum aðilum erlendis þegar við á.²⁾

1) Breyting tók gildi 14. desember 2017.

2) Breyting tók gildi 1. maí 2023.

Hafi umbeðin gögn ekki borist 45 dögum frá umsóknardegi er umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning synjað. Þetta gildir þó ekki í þeim tilvikum ef töf á skilum á gögnum má rekja til annarra aðila en umsækjanda.

3. gr.

Skilyrði fyrir samþykki umsóknar

Umsækjandi skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði til að umsókn verði samþykkt og verða skilyrðin að vera uppfyllt á meðan umsækjandi fær greiddan sérstakan húsnæðisstuðning:

1. Réttur umsækjanda til húsnæðisbóta á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur skal hafa verið staðreyndur.
2. Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára á umsóknardegi og eiga lögheimili í Reykjavík þegar sótt er um.
3. Leiguhúsnæði skal vera í Reykjavík nema um sé að ræða húsnæði fyrir 15-17 ára börn, sbr. 8. gr. reglna þessara.
4. Staða umsækjanda verður að vera metin að lágmarki til sex stiga, þar af að lágmarki til tveggja stiga hvað varðar félagslegar aðstæður, sbr. matsviðsmið í fylgiskjali með reglum þessum.
5. Samanlagðar tekjur umsækjanda og annars heimilisfólks 18 ára og eldra, séu undir efri tekjumörkum samkvæmt 5. gr. reglna þessara.¹⁾
6. Samanlagðar eignir umsækjanda og annars heimilisfólks, 18 ára og eldra, á síðastliðnu ári séu ekki hærri en 8.079.000 kr.¹⁾

1) Breyting tók gildi 1. maí 2023.

1) Breyting tók gildi 1. janúar 2018, 1. júní 2019, 1. janúar 2021, 1. maí 2023, 1. janúar 2024 og 1. janúar 2025.

Heimilt er að samþykkja umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning þrátt fyrir að skilyrði 1. tl. 1. mgr. 3. gr. sé ekki uppfyllt, þegar fyrir liggur að umsækjandi er í húsnæðisleit. Gildistími umsóknar er þrír mánuðir frá samþykkisdegi. Í þeim tilfellum hefst greiðsla sérstaks húsnæðisstuðnings ekki fyrr en skilyrði 1. tl. 1. mgr. 3. gr. er uppfyllt.

III. kafli

Fjárhæð og greiðsla sérstaks húsnæðisstuðnings

4. gr.

Fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings

Sérstakur húsnæðisstuðningur er reiknaður sem ákveðið hlutfall af húsnæðisbótum þannig að fyrir hverjar 1.000 kr. fær leigjandi greiddar 1.000 kr. í sérstakan húsnæðisstuðning, að teknu tilliti til lækkunar samkvæmt öðrum skilyrðum 4. gr. og að teknu tilliti til áhrifa tekna samkvæmt 5. gr. reglna þessara.¹⁾

1) Breyting tók gildi 1. júlí 2017.

Húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur geta aldrei numið hærri fjárhæð en samtals 100.000 kr. Framangreindar fjárhæðir koma til endurskoðunar þegar breyting verður á grunnfjárhæðum húsnæðisbóta samkvæmt lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016.¹⁾

1) Breyting tók gildi 1. júlí 2017 og 1. júlí 2023.

Greiðslur sérstaks húsnæðisstuðnings takmarkast við að húsnæðiskostnaður leigjenda að teknu tilliti til samanlagðra húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings verði að lágmarki 50.000 kr. á mánuði. Ef húsnæðiskostnaður leigjenda að teknu tilliti til húsnæðisbóta er undir 50.000 kr. á mánuði er sérstakur húsnæðisstuðningur ekki greiddur.¹⁾

1) Breyting tók gildi 1. júlí 2017 og 1. maí 2023.

Með húsnæðiskostnaði í reglum þessum er átt við þann hluta leigufjárhæðar sem greiddur er fyrir leiguafnot af húsnæði sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.

5. gr.

Áhrif tekna á fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings

Við útreikning sérstaks húsnæðisstuðnings skal miða við neðangreind tekjumörk miðað við fjölda heimilismanna. Miðað skal við sömu tekjur og liggja til grundvallar ákvörðun húsnæðisbóta hverju sinni.

Með tekjum er átt við allar tekjur samkvæmt II. kafla laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. og 3. mgr. 17. gr. laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.

Tekjur undir neðri tekjumörkum skerða ekki rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings. Sérstakur húsnæðisstuðningur fellur niður við efri tekjumörk í hverju tilfelli en skerðist hlutfallslega upp að því marki.¹⁾

Fjöldi heimilisfólks	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	5.977.276	7.471.595	498.106	622.633
2	7.949.777	9.937.221	662.481	828.102
3	9.264.778	11.580.973	772.065	965.081
4	10.041.824	12.552.280	836.819	1.046.023
5	10.878.642	13.598.303	906.554	1.133.192
6 eða fleiri	11.715.461	14.644.326	976.288	1.220.361

1) Breyting tók gildi 1. júlí 2017, 1. janúar 2018, 1. janúar 2019, 1. janúar 2020, 1. janúar 2021, 1. janúar 2022, 1. júní 2022, 1. janúar 2023 (breytingar samþykktar 9. mars 2023 og 13. júlí 2023), 1. janúar 2024, 1. júní 2024, 1. janúar 2025 og 1. september 2025.

6. gr.

Greiðsla sérstaks húsnæðisstuðnings

Skilyrði þess að umsækjandi fái greiddan sérstakan húsnæðisstuðning er að hann fái einnig greiddar húsnæðisbætur á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.

Sérstakur húsnæðisstuðningur greiðist umsækjanda í fyrstu viku hvers almanaksmánaðar eftir að réttur til sérstaks húsnæðisstuðnings hefur verið staðreyndur og er greiddur eftir á fyrir leigutíma undanfarandi almanaksmánaðar eða hluta úr almanaksmánuði, hefjist leigutími síðar en fyrsta dag almanaksmánaðar eða ljúki fyrir síðasta dag almanaksmánaðar. Óheimilt er að greiða sérstakan húsnæðisstuðning lengra aftur í tímann. Samningur sem kann að vera í gildi milli umsækjanda og leigusala eða þriðja aðila um fyrirframgreiðslu húsnæðiskostnaðar breytir engu hér um.¹⁾

1) Breyting tók gildi 1. maí 2023.

Velferðarsviði Reykjavíkurborgar er heimilt að greiða sérstakan húsnæðisstuðning til leigusala samkvæmt skriflegri beiðni umsækjanda.

7. gr.

Frestun greiðslna

Þegar um er að ræða frestun á greiðslu húsnæðisbóta frá framkvæmdaraðila húsnæðisbóta¹⁾ skal velferðarsvið Reykjavíkurborgar fresta greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings þar til greiðsla húsnæðisbóta fer fram hjá framkvæmdaraðila húsnæðisbóta.¹⁾ Velferðarsviði Reykjavíkurborgar er jafnframt heimilt að fresta greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings þó að greiðsla húsnæðisbóta hafi farið fram enda séu ríkar málefnalegar ástæður fyrir því.

1) Breyting tók gildi 14. desember 2017.

Í framangreindum tilfellum skal velferðarsvið Reykjavíkurborgar tilkynna umsækjanda án ástæðulauss dráttar að fyrirhugað sé að fresta greiðslu.

IV. kafli

Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára barna

8. gr.

Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára barna

Veita skal sérstakan húsnæðisstuðning til foreldra eða forsjáraðila 15–17 ára barna sem leigja herbergi á heimavist eða námsgörðum hér á landi vegna náms fjarri lögheimili. Sérstakur húsnæðisstuðningur skal vera óháður tekjum og eignum foreldra eða forsjáraðila og nemur 60% af leigufjárhæð. Með umsókn um slíkan stuðning skal leggja fram húsaleigusamning og staðfestingu á námi barns.

Ákvæði 3.-5. gr. og 1. mgr. 6. gr.¹⁾ reglna þessara gilda ekki um sérstakan húsnæðisstuðning vegna 15-17 ára barna.

1) Breyting tók gildi 1. maí 2023.

V. kafli

Gildistími umsóknar, upplýsingaskylda og endurskoðun ákvörðunar¹⁾

1) Breyting tók gildi 1. maí 2023.

9. gr.

Gildistími umsóknar¹⁾

Samþykkt umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning heldur gildi sínu á meðan skilyrði 3. gr. reglna þessara eru uppfyllt. Flytji umsækjandi úr húsnæði, sem umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning varðar og hefur leigu í nýju húsnæði, er nauðsynlegt að sækja um sérstakan húsnæðisstuðning að nýju.¹⁾

1) Breyting tók gildi 1. maí 2023.

Sérstakur húsnæðisstuðningur skal falla niður frá og með næstu mánaðamótum eftir að skilyrði reglna þessara eru ekki lengur uppfyllt. Í þeim tilfellum skal velferðarsvið Reykjavíkurborgar tilkynna umsækjanda án ástæðulauss dráttar að fyrirhugað sé að fella niður greiðslur og upplýsa um hvaða ástæður liggja að baki þeirri ákvörðun. Sérstakur húsnæðisstuðningur skal þó falla niður frá og með þeim degi þegar leigusamningur fellur úr gildi.¹⁾

1) Breyting tók gildi 1. maí 2023.

Árlega fer fram lokauppgjör á húsnæðisbótum hjá framkvæmdaraðila húsnæðisbóta vegna ársins á undan. Í kjölfar þess er sérstakur húsnæðisstuðningur endurreiknaður sbr. 11. gr. reglna þessara, m.t.t. breytinga sem fram koma í lokauppgjöri húsnæðisbóta. Umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning fellur sjálfkrafa úr gildi ef í ljós kemur eftir endurreikning í kjölfar lokauppgjors á húsnæðisbótum að umsækjandi er með tekjur hærri en efri tekjumörk, sbr. 5. gr. reglna þessara, allt árið á undan og alla mánuði fram að framkvæmd endurútreiknings.¹⁾

1) Breyting tók gildi 1. maí 2023.

10. gr.

Breytingar á aðstæðum umsækjanda

Umsækjandi skal upplýsa velferðarsvið Reykjavíkurborgar um allar þær breytingar sem verða á aðstæðum hans og áhrif kunna að hafa á fyrirliggjandi mat á þörf á sérstökum húsnæðisstuðningi.

11. gr.

Endurskoðun

Umsækjandi skal fullnægja skilyrðum 3. gr. reglna þessara frá því umsókn er samþykkt og á meðan hann fær sérstakan húsnæðisstuðning á grundvelli gildandi leigusamnings.

Rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings má endurskoða hvenær sem er og endurreikna fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings þannig að upphæð greiðslu verði í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annars heimilisfólks, sbr. 14. gr. reglna þessara.¹⁾

1) Breyting tók gildi 1. maí 2023.

Sé fjárhæð húsnæðisbóta endurreiknuð, m.a. vegna nýrra upplýsinga um fjölda heimilisfólks, tekjur, eignir eða húsnæðiskostnað, skal velferðarsvið Reykjavíkurborgar endurreikna sérstakan húsnæðisstuðning.¹⁾

1) Breyting tók gildi 1. maí 2023.

Leiði endurreikningur samkvæmt 2. og 3. mgr. til breytinga á fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings skal leiðrétta sérstakan húsnæðisstuðning, sbr. 12. gr. reglna þessara.

12. gr.

Leiðrétting á sérstökum húsnæðisstuðningi

Hafi fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings verið hærri en umsækjandi átti rétt til á umræddu tímabili ber honum að endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var. Velferðarsviðið Reykjavíkurborgar er heimilt að draga ofgreiddan sérstakan húsnæðisstuðning frá síðar tilkomnum sérstökum húsnæðisstuðningi til sama aðila á næstu tólf mánuðum eftir endurskoðun. Við endurskoðun er velferðarsviðið heimilt að skuldajafna ofgreiddum sérstökum húsnæðisstuðningi til umsækjanda við vangreiðslur til hans á tímabilinu sem endurskoðun nær til.¹⁾ Ekki er heimilt að draga frá sérstökum húsnæðisstuðningi hærri fjárhæð en nemur 25% af greiðslum í hverjum mánuði.

1) Breyting tók gildi 1. maí 2023.

Hafi fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings verið lægri en umsækjandi átti rétt til á umræddu tímabili ber velferðarsviðið Reykjavíkurborgar að greiða þá fjárhæð sem vangreidd var.

13. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Sérstakur húsnæðisstuðningur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda er endurkræfur og getur velferðarsviðið Reykjavíkurborgar endurkrafíð umsækjanda um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar.

Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan notanda er gefið tækifæri á að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

Leiði athugun í ljós að umsækjandi um sérstakan húsnæðisstuðning hafi fengið greidda hærri fjárhæð en hann átti rétt á samkvæmt reglum þessum ber umsækjanda að endurgreiða þann mismun. Þá er velferðarsviðið Reykjavíkurborgar heimilt að draga ofgreiddan sérstakan húsnæðisstuðning frá sérstökum húsnæðisstuðningi sem umsækjandi kann síðar að eiga rétt á. Ekki er heimilt að draga frá sérstökum húsnæðisstuðningi hærri fjárhæð en nemur 25% af greiðslum í hverjum mánuði.

VI. kafli

Málsmeðferð

14. gr.

Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning hefur borist.

Velferðarsviðið Reykjavíkurborgar skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

15. gr.

Samvinna við umsækjanda

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og upplýsinga sem og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

16. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málsgögn er varða persónulega hagi umsækjanda skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsfólk kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er því óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi aðila nema að fengnu samþykki viðkomandi.¹⁾

1) Breyting tók gildi 1. maí 2023.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það er í samræmi við lög og stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

17. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsfólk bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsfólk einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna umsóknar um sérstakan húsnæðisstuðning.¹⁾

1) Breyting tók gildi 1. maí 2023.

18. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsfólk miðstöðva Reykjavíkurborgar tekur ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðarráðs Reykjavíkurborgar.¹⁾

1) Breyting tók gildi 1. maí 2023.

Velferðarráð Reykjavíkurborgar hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og umsækjandi fer fram á það með sérstakri beiðni til velferðarráðs Reykjavíkurborgar innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun. Velferðarráð skal fjalla um umsóknina og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

19. gr.

Kynning á ákvörðun um sérstakan húsnæðisstuðning

Kynna skal niðurstöðu umsóknar um sérstakan húsnæðisstuðning fyrir umsækjanda með skriflegum hætti sem fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til stjórnsýslulaga nr. 37/1993, laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning.

Ákvörðun velferðarráðs skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

20. gr.

Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála

Umsækjandi getur skotið ákvörðun velferðarráðs Reykjavíkurborgar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var kunngerð ákvörðun velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

21. gr.

Gildistaka

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. 2. og 3. mgr. 45. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum. Reglur þessar öðlast gildi þann 1. janúar 2017. Jafnframt falla þá úr gildi 7.-10. gr. auk 21. gr. reglna um félagslegt leiguhúsnæði og sérstakar húsaleigubætur í Reykjavík.

Ákvæði til bráðabirgða

I. Umsóknir einstaklinga sem eiga samþykktu umsókn um sérstakar húsaleigubætur (á grundvelli reglna um félagslegt leiguhúsnæði og sérstakar húsaleigubætur í Reykjavík) halda gildi sínu á meðan skilyrði reglna þessara eru uppfyllt.¹⁾

1) Breyting tók gildi 14. desember 2017.

II. Felld brott.¹⁾

1) Breyting tók gildi 1. maí 2023.

III. Felld brott.¹⁾

1) Breyting tók gildi 1. maí 2023.

MATSVIÐMIÐ FYRIR SÉRSTAKAN HÚSNÆÐISSTUÐNING

Staða umsækjanda	Stig
Staða umsækjanda er önnur en getið er hér að neðan	0
Örorkulífeyrisþegi með 75% örorkumat	2
Ellilífeyrisþegi	2
Framfærsla frá miðstöð Reykjavíkurborgar vegna langvarandi atvinnuleysis eða óvinnufærni	2

Húsnæðisstaða

Er með húsnæði. Húsnæðiskostnaður að teknu tilliti til húsnæðisbóta er minni en 20% af tekjum heimilisins	0
Er með húsnæði. Húsnæðiskostnaður er íþyngjandi; húsnæðiskostnaður að teknu tilliti til húsnæðisbóta er meiri en 20% af tekjum heimilisins	1
Er með húsnæði. Húsnæðiskostnaður er verulega íþyngjandi; húsnæðiskostnaður að teknu tilliti til húsnæðisbóta er meiri en 30% af tekjum heimilisins	2
Óöruggt húsnæði, þ.e. gistir hjá vinum og/eða ættingjum	2
Gistir í neyðarathvarfi eða á gistiheimili	4
Heilsuspillandi húsnæði samkvæmt mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur eða húsnæði er sannanlega óbúðarhæft af öðrum ástæðum og veruleg vandkvæði eru bundin við að finna nýtt húsnæði	4

Með húsnæðiskostnaði er átt við þann hluta leigufjárhæðar sem greiddur er fyrir leiguafnot af húsnæði sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.

Með tekjum er átt við allar tekjur samkvæmt II. kafla laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. og 3. mgr. 17. gr. laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.

Félagslegar aðstæður umsækjanda

Aðstæður umsækjanda eru betri en getið er hér að neðan	0
Umsækjandi glímir við félagslegan vanda og hefur fengið umfangsmikinn stuðning frá miðstöð Reykjavíkurborgar, annan en fjárhagslegan, á undanförunum 12 mánuðum	2
Málefni barns hefur verið í umfangsmikilli vinnslu á miðstöð Reykjavíkurborgar á undanförunum 24 mánuðum þar sem barnið hefur fengið bæði aðstoð á grundvelli skóla- og félagsþjónustu eða mál þess verið til meðferðar hjá Barnavernd Reykjavíkur á undanförunum 24 mánuðum.	4
Umsækjandi glímir við fjölþættan vanda og hefur fengið umfangsmikinn stuðning frá miðstöð Reykjavíkurborgar, annan en fjárhagslegan, í að lágmarki 24 mánuði	4
Umsækjandi glímir við alvarleg langvinn veikindi sem hafa veruleg áhrif á fjárhags- og húsnæðisstöðu samkvæmt faglegu mati félagsráðgjafa	4

Til að umsókn öðlist gildi þarf umsækjandi að fá að lágmarki sex stig, þar af tvö stig fyrir félagslegar aðstæður.

Aðeins er hægt að fá stig fyrir einn þátt í hverjum flokki